

Tillögur að breytingum á samþykktum Hestamannafélagsins Skagfirðings.

Birtar 12.03.2024

Svartur texti eru samþykktir félagsins í dag, rauður texti er breytingartillaga.

Breytingar á 2. grein fela í sér að skv. samþykktum ÍSÍ þarf að koma skýrt fram að markmið félagsins sé að „stunda“ iðkun á íþróttinni.

2. gr.

Markmið félagsins er að stuðla að iðkun og keppni meðal barna, unglinga, ungmenna og fullorðinna í íþróttinni, að efla áhuga á hestum og hestaíþróttum, gæta hagsmuna hestamennskunar á félagssvæðinu, stuðla að góðri meðferð hesta og gæta hagsmuna félagsmanna.

2. gr.

Markmið félagsins er að stunda iðkun og keppni meðal barna, unglinga, ungmenna og fullorðinna í hestaíþróttinni, að efla áhuga á hestum og hestaíþróttum, gæta hagsmuna hestamennskunar á félagssvæðinu, stuðla að góðri meðferð hesta og gæta hagsmuna félagsmanna.

Breytingar á 3. grein fela kröfu frá ÍSÍ að ekki má binda félagsaðild við samþykki stjórnar. Einungis mega ytri aðstæður svo sem þjálfunaraðstæður takmarka félagsaðild.

3. gr.

Félagar geta allir orðið sem þess óska og hafa áhuga á hestum og eru reiðubúnir til að hlíta lögum og reglum félagsins. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda stjórn en í umsókn skal greina nafn, kennitölu, heimilisfang og netfang umsækjanda. Öðlast umsækjandi full félagsréttindi þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald yfirstandandi starfsárs.

3. gr.

Félagar geta allir orðið sem þess óska. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda stjórn en í umsókn skal greina nafn, kennitölu, heimilisfang og netfang umsækjanda. Öðlast umsækjandi full félagsréttindi þegar umsækjandi hefur greitt félagsgjald yfirstandandi starfsárs. Verði einstaklingur uppvís um brot á samþykktum félagsins eða Íþróttasambands Íslands getur það varðað brottrekstrarsök úr félaginu.

Lögð er til breyting á 10. grein að færa lokadag aðalfundar frá 1. mars til 1. apríl.

10. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1. mars ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum

10. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir **1. apríl** ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum

Lögð er til breyting á 20. grein vegna ábendingar frá ÍSÍ. Koma þarf fram í samþykktum félagsins að ef að slíta á félaginu þarf málefnið að koma skýrt fram í auglýsingu fundarins.

20. gr.

Ef slíta skal félaginu, verður það einungis gert á fundi, þar sem mættir eru minnst 3/4 hlutar félagsmanna, og verður það aðeins gert, að 2/3 hlutar fundarmanna greiði því atkvæði. Að öðrum kosti skal boða til nýs fundar og verður þá félaginu slitið á löglegan hátt ef 2/3 hlutar fundarmanna greiða því atkvæði, án tillit til þess, hve margir eru mættir á fundinum. **Þegar fundur er boðaður skal það koma skýrt fram í auglýsingu að slíta skuli félaginu.** Verði félaginu þannig slitið, skulu eignir þess afhentar sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar til vörslu, þar til nýtt félag sem starfar á félagssvæðinu í þágu ófjárhagslegs tilgangs og að svipuðum markmiðum og félagið hafði, sbr. 2. gr. verður stofnað. Skulu eignirnar þá afhentar því félagi til eignar, enda hafi sveitarstjórn áður metið að hið nýja félag búi yfir getu til að takast á hendur slíkan rekstur.